

Sp. 26. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning véla í fiskibáta.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Kristjánsson, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera allt, sem unnt er, til þess að greiða fyrir innflutningi véla í fiskibátaflota landsmanna.

G r e i n a r g e r ð .

Miklir örðugleikar eru nú á innflutningi véla til handa fiskibátaflotanum. Hefur svo mjög kveðið að þeim, að einstakir útgerðarmenn, sem látið hafa byggja ný skip og báta, hafa orðið að eiga þau marga mánuði ónotuð vegna þess, að staðið hefur á vélum í þau. Hefur þetta bakað útgerðinni stórkostlegt tjón.

Þingsályktunartillaga þessi fer fram á, að ríkisstjórnin og þeir aðilar, sem um viðskiptamál og innflutning til landsins fjalla, geri allt, sem unnt er, til þess að létta undir með útgerðarmönnum í þessum efnunum. Margvislegir örðugleikar eru á því að fá pöntunum þeirra sinnt nema með afarlöngum fyrirvara. Virðist sjálfsagt og eðlilegt, að hið opinbera hlutist til um hverjar þær ráðstafanir, sem verða mættu að líði í þessum efnunum.